



NOVUS HABITAT

REAL ESTATE

ÁTT PÚ PÉR DRAUM?



LA MANGA






La Manga golf býður upp á þrjá 18 holu golfvelli sem staðsettir eru á tæplega 6 ferkílómetra svæði og hver völlur býður upp á mismunandi landslag.

La Manga er heimili þriggja meistaramóta, South Course, North Course og West Course, sem öll bjóða upp á einstakar áskoranir. Frægasti af þessum þremur, South Course, er falleg hönnun með fjölda vatna og vel staðsettum glompum samhliða rausnarlegum brautum. North Course krefst þess að slá beint af teig með þrengri brautum á meðan West Course leggur mikla áherslu á nákvæmni og staðsetningu. Kylfingar eru í raun dekraðir við að dvelja á þessum litla skaga og það er engin furða að La Manga hafi verið valin fyrir fjölda móta, þar á meðal Ladies European Tour Q School, landsmeistaramót og fjölda viðburða fyrir áhugamenn og fræga fólkið.


La Manga Club hefur allt á einum stað. Staðurinn er íþrótta paradís með 3 golfvöllum, fullkominni tennis aðstöðu og glæsilegri fótboltaaðstöðu. Þar er einnig aðstaða til að slaka á, til viðbótar þeim fjölmörgu vatna íþróttum sem í boði eru. La Manga nýtur óspilltra stranda og tærs sjós undir spænskri sól. Gnægð af stórkostlegum veitingastöðum ásamt frábæru næturlífi eru á svæðinu, þar á meðal lifandi tónlist, næturklúbbar og barir. Auk alls sem til þarf á degi hverjum, allt frá matvöruverslunum til apóteka og alls þess á milli.

La Manga situr á skaga sem skilur að Miðjarðarhafið og Mar Menor. Staðurinn hefur í gegnum tíðina verið eins konar einkaflugvöllur fyrir hina ríku og frægu, þess vegna eru umfangsmiklir innviðir á svæðinu. Að auki, innan við hálf tíma frá La Manga, finnurðu sögufrægu borgina Cartagena, vinsæla borg með stórkostlegu verslunarhverfi og miklu úrvali af fínun veitingastöðum og líflegum börum. Til viðbótar við strandlengju La Manga finnur þú nokkrar fallegar strendur meðfram Costa Calida. Greiður aðgangur er að AP-7 hraðbrautinni og innan við 30 mínútna akstur til Murcia flugvallarins og klukkutíma akstur til flugvallarins í Alicante.



ABAMA GOLF


Abama golfvöllurinn rís við vesturhlið Teide eldfjallsins og var búinn til af hinum heimspekkta golfhönnuði Dave Thomas. Óaðfinnanlega viðhaldið, 18 holu meistaramótsvöllur sem inniheldur yfir 300 tegundir af subtropical plöntum, þar á meðal yfir 20.000 pálmatré. Næstum allar holur vallarins hafa stórkostlegt útsýni yfir Atlantshafið og eyjuna La Gomera. Með 22 vötnum dreifðum um síbreytilegt landslag vallarins, auk fossa og hvítra sandgryfja, er völlurinn nógu krefjandi til að spila, jafnvel fyrir reyndasta kylfinginn.



ABAMA RESORT

Abama resort

Abama er eitt best varðveittasta leyndarmál á suðurströnd Tenerife sem býður uppá lúxus, slökun og þjónustu. Um er að ræða 400 hektara gríðastað kyrrðar og næðis, með Michelin veitingastöðum og heimsklassa þjónustu sem sameina einstaka sjávarparadís.



LA SERENA



La Serena Golf er staðsett í bænum Los Alcázares, á 60 hektara svæði við jaðar Mar Menor. Þetta er einstaklega flatur völlur þar sem mestu erfiðleikar leiksins ráðast af ríkjandi austanvindi og margskonar vatnstorfærum sem koma við sögu í 16 af 18 holum.

Völlurinn, með hefðbundinni uppbyggingu, er ekki sérlega langur, þó að nákvæmni utan teigs verði grundvallaratriði sem leikmaðurinn verður að ná tökum á til þess að finna leiðina á flötina meðal fjölda glompa, eyðimerkursvæða og áðurnefndra vatnshindrana.





SANTA ROSALIA

Lónið er hannað með hvítum sandströndum og strandklúbbi með aðstöðu fyrir ýmsar vatnaípróttir. Santa Rosalia er staðsett 3 km frá fallegum ströndum Mar Menor og Miðjarðarhafsins. Bærinn Los Alcázares er í u.þ.b. 5 mínútna aksturfjarlægð þar sem finna má úrval veitingastaða, matvöruverslanir og alla þjónustu sem hægt er að hugsa sér.




Santa Rosalia Lake & Life Resort er einstakt svæði með stærsta manngerða lóni í Evrópu, fullkominn og hrífandi staður til að slaka á og njóta lífsins! Santa Rosalia er afgirt svæði með sér inngangi og öryggisgæslu allan sólarhringinn. Í boði eru fjölbreyttar tegundir eigna, hannaðar í hágæða og nútímalegum stíl, allar staðsettar í göngufæri frá kristaltæru lóninu. Innan svæðisins má finna stór græn svæði með leiksvæði fyrir börn og fullorðna. Þar er fallega hannað klúbbhús með veitingahúsi og líkamsræktaraðstöðu. Þá er hægt að stunda hinar ýmsu íþróttir á svæðinu, til að mynda körfubolta, golf, og strandblak, einnig eru hlaupa- og hjólastígar umhverfis allt svæðið sem og skemmtileg picnic svæði með grill aðstöðu.



CIUDAD QUESADA

Ciudad Quesada er afar líflegur og skemmtilegur bær á Costa Blanca ströndinni. Þar er sjarmerandi bæjarlíf með miklu úrvali veitingastaða, verslana og allskyns afþreyingu fyrir alla aldurshópa. Ca. 20-30 mínútna akstur í suður frá Alicante flugvælinum. Ca. 10 mínútna akstur að ströndinni í Guardamar og ca. 15-20 mínútna akstur í La Zenia Boulevard verslunarmiðstöðina. Góðir golfvællir eru í næsta nágrenni, t.d. La Marquesa, og La Finca.



An aerial photograph showing a lush green golf course with several sand traps and winding paths. The course is nestled between residential areas with white buildings and red-tiled roofs. In the background, a large town is built on a hillside, with the sea visible in the distance under a clear blue sky.

LA MARQUESA GOLF er einn af þeim völlum sem eiga mesta sögu á Costa Blanca, með 18 holur og ein þeirra er nákvæm eftirlíking af sennilega frægustu holu í heimi, Sawgrass. Völlurinn er mjög fjölbreyttur og skemmtilegur. Með brekkum, teigum nálægt flötunum, breiðum brautum, pálmatrjám, tveimur vötnum og lækjum sem fara yfir völlinn en allt þetta gerir La Marquesa að einum vingjarnlegasta vellinum til að spila á þar sem hefð, gæði og reynsla koma saman.





NOVUS HABITAT

REAL ESTATE

info@novushabitat.es

+34 604 400 511



**COSTA
BLANCA**

Dénia

Benissa

Cumbre del sol

Altea

Benidorm

La Villa Joyosa



Campello

Alicante

COSTA CÁLIDA



Santa Pola



Benijófar



Guardamar



Torre Vieja



Cabo Roig



Murcia



San Pedro

Los Alcázares

Cartagena

La Manga

Islas Canarias



Tenerife

